

Reglur um afturköllun skráningarheimilda í Gegni.

Gæðastjórnun bókræðigrunns Gegnis hefur verið til umræðu síðustu misseri. Samræmd skráning er grundvöllur þess að Gegnir geti þjónað sem samskrá fyrir öll söfn landsins. Núna eru um 120 einstaklingar með skráningarheimild og má öllum vera ljóst mikilvægi þess að reglur séu skýrar og þeim sé fylgt.

Í erindisbréfi skráningarráðs er vitnað í samninga Landskerfis bókasafna og aðildarsafna Gegnis.

Þar segir: „Skráningarráðið skal setja reglur um bókræðilega skráningu og ber verkkaupa [aðildarsöfnum] að hlíta þeim reglum, enda sé markmið þeirra að auka gæði bókræðilegra gagna í kerfinu. Skráningarráð hefur umboð til að veita skráningarréttindi í kerfinu og afturkalla þau.“

Fari skrásetjari ekki eftir settum reglum um skráningu í Gegni, þrátt fyrir að hafa fengið ábendingar þar um, fær hann senda bréflega áminningu frá formanni skráningarráðs Gegnis, með dæmum um það sem er ábótavant. Tilkynningu skal einnig senda yfirmanni viðkomandi skrásetjara og ritstjóra bókræðigrunns Gegnis.

Verði skrásetjari ekki við ábendingum um úrbætur innan tveggja vikna, miðað við eðlilega viðveru á vinnustað, verður mál hans tekið til umfjöllunar í skráningarráði, þar sem afturköllun skráningarheimildar er tekin fyrir og afgreidd.

Leiðrétti skrásetjari samkvæmt fyrirmælum útnefnir skráningarráð tilsjónarmann sem fylgist með vinnubrögðum og leiðbeinir viðkomandi næstu mánuði. Ef tilsjónarmaður metur - og leggur fram dæmi þar um - að skrásetjari taki ekki leiðbeiningum ákveður skráningarráð hvort afturkalla skuli skráningarheimildina.

Samþykkt í skráningarráði Gegnis 12. janúar 2006.